

Greining á þörf fyrir starfsmenntun

**Könnun á viðhorfi þeirra sem hafa verið í ráðgjöf, á námsbrautum
Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, styttra starfsnámi og raunfærnimati hjá
Fræðsluneti Suðurlands**

EFNISYFIRLIT

Efnisyfirlit.....	1
Markmið.....	2
Helstu niðurstöður	3
Aðferð.....	4

Þátttakendur

Gagnaöflun og mælitæki

Framkvæmd

Niðurstöður.....	
------------------	--

Bakgrunnsupplýsingar um þátttakendur í spurningakönnun

Mat á náminu hjá Fræðslunetinu og á námstilboðum

Markmið með símenntun

Hindranir fyrir þátttöku í símenntun

Hugsanleg námstilboð og fyrirkomulag

MARKMIÐ

Markmiðið með þessu verkefni var að greina námsþarfir þeirra sem hafa verið í ráðgjöf, námsleiðum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, styttra starfsnámi og/eða raunfærnimati hjá Fræðsluneti Suðurlands. Með slíkri könnun væri hægt að fá glögga mynd af því hvernig best sé að koma til móts við þennan hóp og hugsanlega fleiri til þess að stuðla að starfsþróun einstaklinganna, hvaða námstilboð henta og hvað skortir helst. Annars vegar var gert ráð fyrir að hanna spurningalista þar sem niðurstöður hennar yrðu m.a. nýttar til að þróa vinnulag fyrir rýnihópa. Hins vegar var gert ráð fyrir að rýnihópar yrðu settir á laggirnar þar sem nánar yrði farið ofan í einstaka þætti. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir aðferðafræðinni við úrvinnslu greiningarinnar, niðurstöðum og tillögum að framkvæmdaáætlun. Spurningalistinn og heildarniðurstöður úr könnuninni fylgja hér með.

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Niðurstöðurnar byggja á rafrænni spurningakönnun sem lögð var fyrir einstaklinga sem hafa verið í námi hjá Fræðslunetinu, komið í ráðgjöf eða raunfærnimat á árunum 2011 og 2012. Einnig byggja niðurstöðurnar á umræðum sem fóru fram í tveimur rýnihópum; rýnihóp með ráðgjafa frá Birtu – starfsendurhæfingu Suðurlands, ráðgjafa frá VIRK – starfsendurhæfingarsjóði á Suðurlandi, ráðgjafa frá Vinnumálastofnun Suðurlands og rýnihóp með notendum þjónustunnar.

Mat á náminu hjá Fræðslunetinu og á námstilboðum

- Þátttakendur eru almennt ánægðir með námsframboð Fræðslunetsins.
- Þátttakendur telja að námið hafi aukið möguleika þeirra á vinnumarkaði.
- Þátttakendur eru ánægðir með námið sem þeir stunduðu hjá Fræðslunetinu.

Markmið með símenntun

- Þátttakendur líta á námið sem leið til þess að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði.
- Þátttakendur líta á námið sem leið til þess að styrkja sig sem einstaklinga. Að námið sé liður í að efla sjálfan sig og færni sína, bæði sem námsmaður og sem einstaklingur.
- Þátttaka í námi er leið sem einstaklingar velja til þess að komast í ákveðin fög og ljúka verklegu námi. Þá geta þeir með þátttöku sinni í náminu safnað sér einingum meðal annars eftir raunfærnimat eða lokið öðru starfstengdu námi.
- Þátttaka í námi hjá Fræðslunetinu er leið til þess að ljúka síðar áfanga innan framhaldsskólans t.d iðnnámi, öðru starfsnámi eða stúdentsprófi.

Hindranir fyrir þátttöku í símenntun

- Fjárhagserfiðleikar standa í vegi fyrir þátttöku.
- Búseta er ein af þeim hindrunum sem kemur í veg fyrir að einstaklingar geti nýtt sér nám hjá Fræðslunetinu. Það er því mikilvægt að mati þátttakenda að námið sé aðgengilegt fyrir þá í þeirra nærumhverfi.
- Fjölskylduaðstæður eru hindrun fyrir marga sem hyggjast fara í nám.
- Eitt af því sem þátttakendur nefndu að hindri þá frá þátttöku í símenntun er að það skorti námstilboð.

Hugsanleg námstilboð og fyrirkomulag

- Þörf á að Fræðslunetið bjóði upp á nám sem gefi ákveðin starfsréttindi sbr. félagsliðanám.
- Almennar bóklegar greinar sem gefa einstaklingum færi á að safna sér einingum, t.d. til stúdentsprófs, inn í iðnnám eða annað nám til ákveðinna starfsréttinda.
- Stutt námskeið sem auka hæfni við ýmis störf á vinnumarkaði t.d. verslunar- þjónustu- og skrifstofustörf. Störf í ferðaþjónustu.
- Skrifstofunám sem gefi þeim tækifæri sem hafi reynslu og færni á því sviði en vilji efla sig í þess konar störfum.
- Undirbúningsnámskeið fyrir þá sem hafa ekki verið lengi út á vinnumarkaði en vilja snúa aftur.
- Mikilvægt að dreifa verkefnavinnu og vinnuálagi á námsbrautum og í einstökum greinum sem jafnast á önnina.
- Lotuuppbygging námsins hugnast þátttakendum vel þar sem unnið er með fá fög í einu og þeim lokið áður en byrjað er á næstu fögum. Að það sé erfitt þegar mörg fög eru kennd í einu þá sé álagið of mikið.
- Mikilvægt að boðið sé upp á undirbúningsnám fyrir háskóla á svæðinu.

AÐFERÐ

Verkefninu sem hér er lýst er unnið með eigindlegri og meginglegri aðferðafræði þar sem annars vegar er um að ræða rannsóknaraðferð sem byggir á tölum og því sem hægt er að mæla og telja, megingleg aðferðafræði, (quantitative) og hins vegar aðferðafræði sem byggist á upplifun einstaklinganna og því sem verið er að skoða eða eigindleg aðferðafræði (qualitative).

Megindlegar rannsóknaraðferðir eru því notaðar til að safna tölulegum gögnum, t.d. með spurningalista sem er lagður fyrir úrtak þess hóps sem alhæfa á um. Þær henta því vel þegar á að fá viðhorf og skoðanir fólks um tiltekin málefni. Netkannanir eru skilgreindar sem meginglegar rannsóknaraðferðir en með slíkri könnun má ná til fólks á einfaldan og þægilegan máta. Þær eru yfirleitt lagðar fyrir sértæka hópa þar sem listi yfir netföng liggur fyrir.

Eigindlegar rannsóknaraðferðir eru notaðar ef markmiðið er að öðlast djúpan skilning á reynslu fólks útfrá sjónarhóli þess sjálfs. Þá er umræðuefni yfirleitt fyrirfram ákveðið en innihald samræðnanna ekki. Rýnihópar eru ein leið gagnasöfnunar í eigindlegum rannsóknaraðferðum þá er hópi fólks boðið að taka saman þátt í umræðum um ákveðið málefni.

Oft er þessum rannsóknaraðferðum beitt í sömu rannsókninni þar sem lagt er upp með meginglegri aðferðaræði í byrjun rannsóknarinnar og svo eigindlegri í kjölfarið eða öfugt (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003).

Þátttakendur

Þátttakendur í þessari rannsókn voru þeir einstaklingar sem hafa verið í ráðgjöf hjá náms- og starfsráðgjöfum við Fræðslunet Suðurlands, í námi á námsbrautum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins við Fræðslunetið og í raunfærnimati. Spurningalistinn var sendur út á 267 netföng í tölvupósti.

Þátttakendur voru á aldrinum 22 – 65 ára og er meðalaldur þeirra 45 ár. Þegar kynjahlutfall þeirra er skoðað má sjá að karlar voru 37% og konur voru 63%. Þær tölur eru í samræmi við tölur sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur tekið saman um kynjahlutfall þátttakenda í vottuðum námsleiðum á fyrri helmingi ársins 2010 en þar af voru konur 64% þátttakenda (Ásmundur Hilmarsson, 2010). Niðurstöður þessarar rannsóknar hvað varðar menntunarstig samræmast markhópi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins en stærsti hluti þátttakenda hefur lokið grunnskólaprófi eða 50%.

Dreifing búsetu þátttakenda var tiltölulega lítil en langflestir búa í póstnúmeri 800 sem er á Selfossi, þar á eftir er Hveragerði en mjög lítið hlutfall var frá öðrum byggðarlögum.

Gagnaöflun og mælitæki

Í þessu verkefni var gögnum aflað með því að senda út spurningalista annars vegar og mynda rýnihópa hins vegar. Við undirbúning á hönnun spurningalistans var höfð til hliðsjónar rannsókn sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) lét gera árið 2010 um raddir notenda í ráðgjöf. Markhópurinn var fólk með litla formlega menntun sem hefur nýtt sér náms- og starfsráðgjöf á vegum ráðgjafanets FA. Sú rannsókn var samstarfsverkefni Danmerkur, Íslands, Noregs og Svíþjóðar og var markmiðið með henni meðal annars að auka skilvirkni og gæði í ráðgjöf fyrir fullorðna. Einnig var höfð til hliðsjónar MA ritgerð Eyðisar Kötlu Guðmundsdóttur um þróun náms- og starfsferils þátttakenda í Grunnmenntaskóla, sem er námstilboð á vettvangi framhaldsfræðslunnar (Eyðis Katla Guðmundsdóttir, 2012; Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, Andrea G. Dofradóttir og Guðrún Birna Kjartansdóttir, 2011). Þjónustukönnun sem ráðgjafar símenntunarmiðstöðva innan Kvasis lögðu fyrir notendur þjónustu náms- og starfsráðgjafa á árinu 2012 var einnig höfð til hliðsjónar.

Spurningar í listanum voru alls 24 og var áætlað að það tæki þátttakendur 15 – 20 mínútur að svara honum. Þeim var skipt upp í fjögur megin svið eða þemu. Svíðin eru: mat á náminu hjá Fræðslunetinu og á námstilboðum, markmið með símenntun, hindranir fyrir þátttöku í símenntun og hugsanleg námstilboð og fyrirkomulag. Auk þess voru nokkrar spurningar um bakgrunn þátttakenda m.a. menntunarstaða, staða á vinnumarkaði og hvaða þjónustu þeir hafi nýtt sér hjá Fræðslunetinu. Í lok könnunarinnar var þátttakendum gefinn kostur á að tjá sig út frá opinni spurningu.

Ákveðið var að hafa tvö rýnihópaviðtöl. Annars vegar með notendum þjónustunnar og hins vegar samstarfsaðilum Fræðslunetsins og fulltrúum úr atvinnulífinu. Í undirbúningi fyrir rýnihópaviðtöl úr röðum notenda þjónustunnar var haft að leiðarljósi að finna fólk í hópinn sem kæmi sem víðast að af þjónustusvæði Fræðslunetsins. Einnig var hugað að kynja- og aldursdreifinu og hvaða þjónustu hópurinn hefði nýtt hjá Fræðslunetinu. Í hinn hópinn völdust samstarfsaðilar frá Vinnumálastofnun á Suðurlandi, VIRK og Birtu starfsendurhæfingu Suðurlands.

Framkvæmd

Könnunin var send út þann 10. apríl á póstlista frá Fræðslunetinu og var hún send á 267 tölvupóstföng. Könnunin var sett upp í forritinu xxx sem getur talið hversu margir opna tölvupóstinn sinn. Með því móti er hægt að fylgjast mun betur með hvert hitt raunverulega svarhlutfall er.

Tíu dögum eftir að könnunin var send út höfðu 28% af þeim sem fengu póstinn opnað hann en einungis 17% af þeim voru búnir að svara könnuninni.

Þann 24. apríl var send út áminning til allra þar sem þeir sem ekki höfðu tekið könnunina og voru þeir vinsamlegast beðnir að taka þátt. Í tölvubréfi sem fór til þátttakenda var greint frá tilgangi og markmiði rannsóknarinnar. Að auki var þátttakendum gert ljóst að sleppa mætti einstaka spurningum en það væri þó mjög mikilvægt að þeir reyndu að svara sem flestum

spurningum og að þeirra álit væri mjög gagnlegt fyrir starfsfólk Fræðslunetsins þegar kæmi að því að undirbúa, skipuleggja og taka ákvarðanir um námstilboð.

Viðtalsrammi fyrir rýnihópaviðtölin var hannaður eftir að niðurstöður úr spurningakönnun höfðu verið vandlega greindar. Viðtölin voru tekin upp, afrituð orðrétt og lesin gaumgæfilega yfir.

NIÐURSTÖÐUR


Hér á eftir verður fjallað um niðurstöður úr spurningakönnun annars vegar og rýnihópum hins vegar.

Bakgrunnsupplýsingar um þátttakendur í spurningakönnun

Alls voru 37% þátttakenda karlar og konur voru 63%. Aldursdreifing þeirra var mikil, sá elsti fæddur 1948 en sá yngsti 1991. Meðalaldur þátttakenda var 45 ár en dreifingin sést á mynd 1 hér að neðan. Dreifing búsetu var tiltölulega lítil, langflestir í póstnúmeri 800 sem er á Selfossi, þar á eftir kom Hveragerði en lítið hlutfall frá öðrum byggðarlögum, sjá mynd 2. Stærsti hluti þátttakenda hefur lokið grunnskólaprófi (mynd 3) og er í starfi (mynd 4).


1. Hvert er kyn þitt ?

Karl	36,90%
Kona	63,10%
Svöruðu ekki	0,00%




Mynd 1

2. Hvaða ár ertu fædd/fæddur ?



3. Í hvaða póstnúmeri býrð þú ?



Mynd 2

4. Hvaða menntun hefur þú lokið ? (hægt að velja fleiri en einn möguleika)

Grunnskólaprófi	82,9%
Sveinsprófi í iðngrein	11,0%
Meistaraprófi í iðngrein	3,7%
Starfsnámi (t.d. sjúkraliði, verslunarpróf, félagsliði, stuðningsfulltrúi, lögreglumenn, flugfreyja o.fl.)	18,3%
Stúdentsprófi	8,5%
Háskólanámi	6,1%
Svöruðu ekki	2,4%



Mynd 3

Mynd 4

5. Hver er núverandi staða þín á vinnumarkaði ?

Í vinnu	63,1%
Í námi	7,1%
Í atvinnuleit	8,3%
Í fæðingarorlofi	0,0%
Heimavinnandi	0,0%
Í starfsendurhæfingu (Birta, Virk, o.fl.)	3,6%
Ellilífeyrisþegi	0,0%
Á örorkubótum	17,9%
Svöruðu ekki	0,0%
Samtals	100,0%




Mynd 4

6. Í hvaða atvinnugrein starfar þú ?

Í þessari spurningu voru settir upp flokkar og flokkun atvinnugreina hjá Hagstofu Íslands höfð til hliðsjónar. Töluvert margir eða um það bil 35% svöruðu „annað“ þrátt fyrir það. Opin svarmöguleiki var einnig gefinn.

Landbúnaður	4,2%
Fiskveiðar	0,0%
Fiskiðnaður	4,2%
Annar iðnaður	5,6%
Veitur	0,0%
Mannvirkjagerð	2,8%
Verslun og viðgerðarþjónusta	4,2%
Hótel- og veitingahúsarekstur	5,6%
Samgöngur og flutningar	1,4%
Fjármálaþjónusta og tryggingar	2,8%
Fasteignaviðskipti og ýmis þjónusta	0,0%
Opinber stjórnsýsla	0,0%
Fræðslustarfsemi	8,5%
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	22,5%
Önnur þjónusta	2,8%
Annað	35,2%



7. Ef þú ert ekki í vinnu, í hvaða atvinnugrein starfaðir þú síðast ?


Landbúnaður	5,4%
Fiskveiðar	0,0%
Fiskiðnaður	2,7%
Annar iðnaður	16,2%
Veitur	0,0%
Mannvirkjagerð	8,1%
Verslun og viðgerðarþjónusta	10,8%
Hótel- og veitingahúsarekstur	8,1%
Samgöngur og flutningar	5,4%
Fjármálaþjónusta og tryggingar	0,0%
Fasteignaviðskipti og ýmis þjónusta	0,0%
Opinber stjórnsýsla	0,0%
Fræðslustarfsemi	2,7%
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	8,1%
Önnur þjónusta	18,9%
Annað	13,5%



8. Hefur þú nýtt þér náms- eða starfsráðgjöf Fræðslunets Suðurlands?

Já	82,1%
Nei	17,9%
Samtals	100,0%


Hefur þú nýtt þér náms eða starfsráðgjöf Fræðslunets Suðurlands ?



9. Hefur þú farið í raunfærnimat á vegum Fræðslunets Suðurlands ?


Já	13%
Nei	87%
Samtals	100%

Hefur þú farið í raunfærnimat á vegum Fræðslunets Suðurlands ?



10. Ef þú hefur farið í raunfærnimat þá í hvaða grein ?

Húsasmíði	28,6%
Málmiðngreinum	14,3%
Verslunarfagnámi	14,3%
Skrifstofugreinum	42,9%
Samtals	100,0%



**11. Hefur þú farið í einhverja af eftirfarandi námsbrautum hjá Fræðsluneti Suðurlands ?
(hægt að velja fleiri en einn valmöguleika)**

Grunnmenntaskóli	31,4%
Nám og þjálfun	34,3%
Fagnámskeið fyrir starfsfólk heilbrigðis- og félagsþjónustu	21,4%
Meðferð matvæla	8,6%
Skrifstofuskólinn	8,6%
Skref til sjálfshjálpar	14,3%
Sterkari starfsmaður	11,4%
Frumkvöðlasmiðja	5,7%
Kvikmyndasmiðja	5,7%
Fagnámskeið fyrir starfsfólk leikskóla	5,7%
Þjónustuliðar	1,4%
Færni í ferðaþjónustu	4,3%
Grunnám fyrir fiskvinnslufólk	4,3%
Annað	15,7%




Mat á náminu hjá Fræðslunetinu og á námstilboðum

Þátttakendur eru almennt ánægðir með námið sem þeir hafa stundað hjá Fræðslunetinu. Yfir 93,5% segja að þeim hafi líkað námið vel eða mjög vel eins og sést á mynd 6. Einnig telur meiri en helmingur þátttakenda að námið sem þeir stunduðu hjá Fræðslunetinu hafi aukið atvinnumöguleika þeirra eða 51% eins og sjá má á mynd 6. Í heildina eru þátttakendur í könnuninni ánægðir með námsframboð Fræðslunetsins eða rúmlega 87% sjá mynd 8.

12. Hvernig líkaði þér námið í Fræðsluneti Suðurlands?


Mjög vel	55,3%
Vel	38,2%
Hvorki né	6,6%
Illa	0,0%
Mjög illa	0,0%



Mynd 5

13. Telur þú að þátttaka í námsbrautum Fræðslunets Suðurlands hafi aukið atvinnumöguleika þína ?


Mjög sammála	18,4%
Sammála	32,9%
Hvorki né	46,1%
Ósammála	0,0%
Mjög ósammála	2,6%



Mynd 6

14. Hvernig myndir þú meta framboð símenntunar hjá Fræðsluneti Suðurlands ?

Mjög gott	25,0%
Gott	62,5%
Hvorki né	12,5%
Lélegt	0,0%
Mjög lélegt	0,0%



Mynd 7

Markmið með símenntun

Á mynd 8 má sjá hvert markmið þátttakenda er með því að sækja símenntun. Langflestir segja að markmiðið sé að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði eða tæplega 57% og tæplega 67% segja það styrkja stöðu sína sem einstakling.

15. Hvert er markmið þitt með því að sækja símenntun hjá Fræðsluneti Suðurlands ? (hægt að velja fleiri en einn möguleika)

Ljúka iðnnámi	13,5%
Ljúka starfsnámi	5,4%
Ljúka stúdentsprófi	12,2%
Komast í háskólanám	9,5%
Styrkja stöðu mína á vinnumarkaði	56,8%
Styrkja mig sem einstakling	66,2%
Annað	10,8%



Mynd 8

Annað
Hef ekki hugsað mér að sækja símenntun
Er með lítið fyrirtæki sem ég vann með á námskeiðinu
Bæta mig
Fara í áframhaldandi nám
Efla færni og vitund um ferðamennsku á Íslandi
Til gamans

Hindranir fyrir þátttöku í símenntun

Stærsta hindrunin fyrir þátttöku í símenntun að mati þeirra sem tóku þátt í rannsókninni er kostnaður. Á mynd 9 má líka sjá að þátttakendur nefna fjölskylduástæður og skort á námstilboðum.

17. Hverjar eru að þínu mati helstu hindranir fyrir því að þú takir þátt í símenntun hjá Fræðslunetinu ? (hægt að velja fleiri en einn valmöguleika)




Mynd 9

Hugsanleg námstilboð og fyrirkomulag

Næstu spurningar fjalla um hvaða námstilboð þátttakendur myndu helst hafa áhuga fyrir og einnig var spurt um fyrirkomulag og tímasetningar. Þegar spurt er um hvernig námi þátttakendur myndu helst hafa áhuga á kemur í ljós að fleiri vilja stunda nám í almennum bóklegum greinum sem miði að undirbúningi fyrir háskólanám en sem hluta af iðn- eða starfsnámi sjá mynd 10. Jafn stór hluti þátttakenda eða tæplega 23% vilja stunda starfsnám sem veiti réttindi og auki hæfni við ýmis störf á vinnumarkaði. Á mynd 11 má sjá að 36% þátttakenda sýna því áhuga að stunda undirbúningsnám fyrir háskólanám. Einnig myndu þriðjungur þátttakenda nýta sér aðstöðu og stuðning hjá Fræðslunetinu yrði slíkt í boði þar eins og sjá má á mynd 12. Á mynd 13 má sjá að um 60% þátttakenda telja að þeir myndu nýta sér fjarnámsmöguleika yrði slíkt í boði hjá Fræðslunetinu.

16. Hvernig námi mundir þú helst hafa áhuga á ?

Almennar bóklegar greinar sem hluta af iðn- og starfsnámi	10,5%
Almennar bóklegar greinar sem miða að undirbúningi fyrir háskólanám (háskólabrú, frumgreinanám eða háskólagátt)	21,1%
Starfsnám sem veitir réttindi á vinnumarkaði	22,4%
Stutt námskeið sem auka hæfni við ýmis störf á vinnumarkaði (t.d. verslunar- þjónustuskrifstofustörf, störf í ferðaþjónustu og fl.)	22,4%
Nám tengt hönnun og listum	13,2%
Engu af ofantöldu	2,6%
Annað	7,9%



Mynd 10

18. Hefur þú áhuga á að fara í undirbúningsnám (Háskólabróú Keilis, Háskólagátt Bifrastar og Frumgreinadeild Háskólans í Reykjavík) fyrir háskólanám sem tekur einn vetur og veitir aðgang að háskóla ?


já	36%
nei	44%
veit ekki	21%



Mynd 11

19. Ef í boði yrði aðstaða og stuðningur hjá Fræðsluneti Suðurlands í undirbúningsnámi fyrir háskólanám hversu líklegt er að þú mundir nýta þér það ?


Mjög ólíklegt	20,3%
Ólíklegt	17,7%
Hvorki né	27,8%
Líklegt	21,5%
Mjög líklegt	12,7%



Mynd 12

20. Ef í boði yrði möguleiki á fjarnámi í námsframboði Fræðslunets Suðurlands er líklegt að þú mundir nýta þér það ?

Mjög ólíklegt	18%
Ólíklegt	9%
Hvorki né	15%
Líklegt	41%
Mjög líklegt	18%




Mynd 14

Þegar spurt er um fyrirkomulag námsins þá vilja rúmlega 83% þátttakenda stunda einhvers konar lotutengt nám þar sem farið er yfir 1 – 2 námsgreinar á ákveðnu tímabili og nýjar námsgreinar taka við að því loknu. Svör þátttakenda þessu lútandi má sjá á mynd 14.

21. Hvaða fyrirkomulag náms mundi henta þér best ?

Hefðbundnar annir, þar sem farið er yfir allar námsgreinar jafnt og þétt.	16,7%
Lotutengt, þar sem námið byggist á lotum og farið er yfir 1-2 námsgreinar á ákveðnu tímabili og þeim lokið og nýjar námsgreinar taka við.	83,3%




Mynd 14

Álíka stór hluti þátttakenda myndi vilja stunda námið fyrir hádegi, síðdegis fyrir kl. 19 og á kvöldin eftir kl. 19.

22. Hvenær dagsins mundi henta þér best að stunda nám ?

Fyrir hádegi í miðri viku (kl. 8-12)	35,7%
Eftir hádegi í miðri viku (kl. 13-16)	18,6%
Síðdegis í miðri viku (kl. 16-19)	30,0%
Kvöld í miðri viku (eftir kl. 19)	31,4%
Helgar	11,4%



Mynd 15

Niðurstöður úr rýnihópaviðtölum

Niðurstöðurnar byggja á umræðum sem fram fóru í tveimur rýnihópum; rýnihópi með einstaklingum sem hafa verið í námi hjá Fræðsluneti Suðurlands, komið í ráðgjöf eða farið í raunfærnimat og rýnihópi með samstarfsaðilum frá Vinnumálastofnun Suðurlandi, VIRK og Birtu starfsendurhæfingu Suðurlands.

Í rýnihópaumræðunum var lögð áhersla á að kanna hvaða námstilboð hafa gagnast vel, hvaða markmið einstaklingarnir settu sér með þátttöku í námi hjá Fræðslunetinu, hugsanlegar hindranir og hvaða námsúrræði þátttakendur myndu vilja sjá í námsframboði Fræðslunetsins.

Mat á náminu hjá Fræðslunetinu og á námstilboðum

Yfirleitt eru þátttakendur ánægðir með námsframboðið, sérstaklega það sem hefur verið í boði af styttri námskeiðum:

Ég mundi segja að það er fínt framboð sem hefur verið í boði af svona styttri námskeiðum en fyrir mig þá mundi ég vilja sjá að það væri hægt að velja áframhaldandi fög til að safna sér einingum, kannski til stúdentsprófs eða eða sem hjálpar manni áfram.

Mér finnst framboðið hérna mjög gott sko mikið úrval af allskonar námskeiðum.

Samstarfsaðilar Fræðslunetsins höfðu líka sömu sögu að segja en þeir telja að námsframboðið og þjónusta Fræðslunetsins sé góð:

Það [einstaklingarnir] þarf einhverja hvatningu og þá hefur Fræðslunetið komið rosalega sterkt inn. Við höfum verið að nýta sérnámskeið eins og Upplýsingatækni og samskipti, Sterkari starfsmaður og svo hefur heilmikið af fólk verið að byrja í Grunnmenntaskóla. Svo höfum við verið að nýta sérnámskeið eins og sjálfsstyrkingarnámskeið og fjármála-námskeið og þetta hefur verið að okkar mati verið að skila fólki sterkara inn í endurhæfinguna.

Eins kom fram að svokallaðar Smiðjur séu úrræði sem henti þessum hópi mjög vel:

Smiðjurnar eru frábærar. Þá fær þetta fólk sem hefur ekki áhuga á námi einhver þínuréttindi, skjal eða eitthvað og það skiptir miklu máli fyrir marga. „Ég hef skjal yfir að ég geti hellulagt“ eins og Umhverfissmiðjan var.

Markmið með símenntun

Í rýnihópi meðal þátttakenda mátti heyra að einingasöfnun væri þeim mikilvæg. Það að geta nýtt sér þær einingar sem þeir voru að standast í gegnum námsbrautina var hvatning til áframhaldandi náms og gæti líka nýst þeim inn í raunfærnimatsferlinu:

Jú ég náttúrulega hefði meiri áhuga á því að komast í ákveðin fög og safna einingum uppá hvort maður færi í starfsmat [raunfærnimat] í einhverju sem maður væri búinn að vinna í og færi þá þannig inni áframhaldandi nám í einhverri iðngrein.

Einnig kom fram það sjónarmið að það væri mikilvægt að hafa tækifæri til þess að safna einingum til stúdentsprófs:

...fyrir mig þá mundi ég vilja sjá að það væri hægt að velja áframhaldandi fög til að safna sér einingum, kannski til stúdentsprófs eða sem hjálpar manni áfram.

Hindranir fyrir þátttöku í símenntun

Helstu hindranir sem standa í vegi fyrir þátttöku eru m.a. búseta. Þátttakendur sem hafa nýtt sér úrræði sem er í boði á öðrum starfsstöðvum Fræðslunetsins segja það mjög mikilvægan þátt sem hafi haft áhrif á þátttöku þeirra í námi:

Ég fór inní þennan skóla því það var boðið uppá hann bara þarna í túnfætinum heima (Þorlákshöfn). Upphaflega ætlaði ég sko að byrja bara í ensku og engu öðru.

Það var eiginlega sama hjá mér af því að það var boðið uppá þetta hérna fyrir austan (Hvolsvöllur). Já og þurfa ekki að keyra langar leiðir og eyða einhverjum þúsundum í það, ég hefði ekki farið í neitt nám ef það hefði ekki verið boðið uppá það þarna heima í vetur.

Hugsanleg námstilboð og fyrirkomulag

Það kemur sterklega fram í báðum rýnihópunum að einhvers konar nám með starfstengingu sé mikilvægur valkostur. Þá fái fólk tækifæri til þess að efla sína bóklegu færni en fengi jafnframt tækifæri til þess að kynna vinnumarkaðinum:

Já, bæði það [að námið gefi starfsréttindi]en kannski fyrst og fremst að fá að koma aftur út á vinnumarkaðinn.

Já, okkur vantar oft þessa starfstengingu að fólk fái að reyna sig svoleiðis, fólk sem hefur litla reynslu af vinnumarkaði.

Nokkuð margir þátttakendur nefndu í spurningakönnuninni að einingasöfnun væri eitt af markmiðum þess með náminu. Ekki eru þó allir að sækjast eftir því og á það kannski ekki síst við skjólstæðinga umræddra samstarfsaðila sem tóku þátt í öðrum rýnihópnum:

Hjá okkur er einingasöfnun ekki það fyrsta sem fólk hugsar um, það er fast einhvers staðar, þarf að komast af stað og út úr skelinni sem það er í. Mæta einhvers staðar og komast á námskeið. Það gæti svo komið í framhaldinu að sjá þann kost að fá einingar.

Námskeið sem miða að því að auka tölvufærni fólks er fýsilegur kostur að mati samstarfsaðila:

Það þarf kannski algjörlega að breyta um áherslur og þarf að fara að vinna þar sem er unnið meira með tölvur, í þjónustu eða á skrifstofu. Fólk vill fara í tölvunám og ná meiri almennri færni í tölvunotkun.

Í öðrum rýnihópnum var spurt út námsfyrirkomulag og hvort að fjarnámslausnir gætu komið í staðinn fyrir staðnám að þeirra mati. Það var valkostur sem þátttakendur höfðu bæði prófað eða þekktu til einstaklinga sem höfðu reynt slíkt og voru skiptar skoðanir um það:

Það væri alveg hægt að ímynda sér það. Ég væri alveg til í að skoða það.

Ég var í þessu dreifnámi í Borgarholtsskóla og líkaði það vel.

En svo er fjarnám líka ekki að henta öllum sem ná ekki að skipuleggja, ég tók nefnilega næringarfræði og heilbrigðisfræði í Ármúla. Það var svolítið erfitt en kannski út af því að ég er útlendingur og þá er það tungumálið, en það þarf að skipuleggja allt saman.

HEIMILDIR

Ásmundur Hilmarsson. (2010). Um vinnuafli og markhóp Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Í *Gátt ársrit um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun*, 2010, 95-97.

Reykjavík: Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Eydís Katla Guðmundsdóttir. (2012). *Þróun náms- og starfsferils þátttakenda í*

Grunnmenntaskólanum. Óbirt MA – ritgerð. Háskóli Íslands: Félagsvísindadeild.

Guðbjörg Vilhjálmisdóttir, Andrea G. Dofradóttir og Guðrún Birna Kjartansdóttir. (2011).

Voice of users: Promoting quality of guidance for adults in the Nordic countries.

Sótt 28. maí 2013 af http://www.nordvux.net/download/6821/voice_of_users.pdf.

Sigurlína Davíðsdóttir. (2003). Eigindlegar og megingdlegar rannsóknaraðferðir? Í Sigríður

Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og*

rannsóknnum í heilbrigðisvísindum (bls. 219 – 235). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.